

*útgáfuaðila fréttamiðla og dreifibréfa. Sveitarstjórn vekur athygli á að þessi markmið eru í furðulegri mótsögn við markaðssetningu fyrirtækisins á sér sem ábyrgur flutningsaðili.*

#### 6. Ljósleiðaravæðing – staða mála

Fyrirhuguð ljósleiðarvæðing í sveitarfélaginu tekin til umræðu.

Oddviti gerði grein fyrir stöðu mála í forföllum formanns starfshóps um ljósleiðarvæðingu, Árna Péturs Hilmarssonar. Starfshópurinn samþykkti á fundi sínum 3. febrúar s.l. að leggja til við sveitarstjórn að sveitarfélagið kaupi gögn Karls Hálfðánarsonar, samanber erindi til starfshópsins frá sveitarstjórn sem samþykkt var á fundi hennar 14. janúar s.l.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu starfshópsins um að kaupa fyrrgreind gögn og samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2016 að fjárhæð 250 þúsund sem mætt verði með handbæru fé. Frekari umræðum frestað til næsta fundar.*

#### Til kynningar:

- Fundargerðir 178. og 179. fundar HNE
- Fundargerð 276. fundar stjórnar Eyþings
- Fundargerð svæðisráðs Norðursvæðis – Vatnajökulsþjóðgarður
- Fundargerð 23. fundar stjórnar orkusveitarfélaga
- Dagur leikskólans 2016

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:54



## Kirkjukórar

Lundarbrennkusóknar, Hálssóknar og  
Ljósavatnssóknar  
Athugið

Fyrirhugaðar æfingar vegna undirbúnings fyrir  
Fikkahátíð

#### Eru áætlaðar í Þorgeirskirkju, kl 20:30

Miðvikudagskvöldið	17. febrúar
Sunnudagskvöldið	21. febrúar
Miðvikudagskvöldið	2. mars
Föstudagskvöldið	4. mars sameiginleg æfing
Laugardagskvöldið	5. mars Fikkahátíð

Hlakka til að hitta ykkur.

Dagný

# Æskulýðsmót í Valsárskóla

Sælt veri nú samfélagið! Ég færi gleðitíðindi.

Helgina 19.-21. febrúar verður æskulýðsmót haldið í Valsárskóla. Það er á vegum Æskulýðssambands Eyjafjarðar og er fyrir ungmenni í 8. 9. og 10. bekk. Þarna eru sem sagt saman komnir táníngar af Norðurlandi og Austurlandi. Fróðleikur og skemmtun. Við munum ræða andlega líðan ungs fólks og samskipti og Hjalti Jónsson sálfræðingur og músikant mun t.a.m. aðstoða okkur við það. Þá verða smíðjur til að efla hæfileika og talandi um hæfileika verður haldin svokölluð HÆNA (hæfileikakeppni Norður-og Austurlands). Unglingar í 8. bekk hafa þegar fengið bækling/upplýsingar gegnum fermingarfræðslu og unga fólkið í 9. og 10. bekk fékk jafnframt heim með sér bækling úr skólanum. Við Sunna Dóra eiginkona mín, alveg frá því 2002, ætlum að stýra þessu móti en margir leiðtogar koma að verkefninu.

Ef það er unglingur á þínu heimili og hann sýnir þessu áhuga þá er sannarlega velkomið að skrá sig og hafa samband við Bolli Pétur Bollason netfang [bolli.petur.bollason@gmail.com](mailto:bolli.petur.bollason@gmail.com)

Þetta  
verður fjör!!

## Kyrrðarstund í Þorgeirskirkju



Kyrrðarstund verður í Þorgeirskirkju þriðjudagskvöldið 16. febrúar kl. 20.30. Ljúfir tónar, orð og bæn. Kaffispjall eftir stund.

Fyrirbænaefni berist á netfangið: [bolli.petur.bollason@gmail.com](mailto:bolli.petur.bollason@gmail.com).

Gott að koma. Verið velkomin!

## Aðalfundur

### Ungmennafélagsins Eflingar

verður haldinn í Dalakofanum  
mánudaginn 15. febrúar kl. 18:00  
Venjuleg aðalfundarstörf.

Fundarmönnum verður boðið að þiggja veitingar að fundi loknum. Gamlir og nýir félagar velkomnir.

Stjórn Eflingar

kolefnisbindingar með uppgræðslu á landi innan svonefndrar Hólasandsgirðingar við Þeistareyki, í þeim tilgangi að græða upp gróðurryrt land.

*Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samningsdrög og fela oddvita að undirrita samning á grundvelli draganna.*

#### 4. Lánasamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun 2016 er lánasamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. tekinn til afgreiðslu.

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir með fimm atkvæðum fulltrúa A lista að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 100.000.000 kr. til að hámarki 20 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir skv. fjárhagsáætlun 2015, Þingeyjarskóla (45 m.kr.) og framkvæmdir skv. fjárhagsáætlun 2016, veitur og gámavöll (55 m.kr.), sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjód sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Dagbjörtu Jónsdóttur, kt: 250168-5359, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita lánsamning við Lánasjód sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.*

Fulltrúar T lista sátu hjá og lögðu fram eftirfarandi bókun:

*Fulltrúar T lista sitja hjá við afgreiðslu málsins enda var stórum hluta af þeim fjármunum sem um ræðir varið til verkefna sem eru í andstöðu við stefnu listans.*

#### 5. Áform um fækkun dreifidaga pósts í Þingeyjarsveit

Áform eru um að fækka dreifidögum pósts í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar mótmælir áformum um að fækka dreifidögum pósts í Þingeyjarsveit eins og lagt er til í drögum að frumvarpi til nýrra laga um pósthjónustu og telur að ekki sé hægt að skerða pósthjónustu á þennan hátt fyrr en öllum landsmönnum verði tryggður góður aðgangur að interneti. Einnig leggur sveitarstjórn áherslu á að pósti verði dreift sömu vikudaga allar vikur, að lágmarki þrisvar í viku, en áform eru um að að dreifa pósti aðra vikuna á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum og hina vikuna á þriðjudögum og fimmtudögum. Það mun leiða til ruglings og óvissu í einhverjum tilvikum, ekki síst fyrir*



**Fundargerð**  
**Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar**  
**04.02.2016**  
**184. fundur**

**sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**

**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 4. febrúar kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson,  
Eiður Jónsson í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Heiða  
Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.  
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

**Dagskrá:**

1. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Félagsheimilið Ýdalir
2. Nýtt rekstrarleyfi – CJA guesthouse
3. Kolefnisbindingarsamningur við Landsvirkjun
4. Lánasamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.
5. Áform um fækkun dreifidaga pósts í Þingeyjarsveit
6. Ljósleiðaravæðing – staða mála

**1. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Félagsheimilið Ýdalir**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra,  
dags. 22. janúar s.l. þar sem Erla Þórunn Ásgeirsdóttir sækir um,  
sem forsvarsmáður fyrir Félagsheimilið Ýdali, endurnýjun á  
rekstrarleyfi til sölu veitingu veitinga í Félagsheimilinu Ýdölum í  
Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfis  
fyrir sitt leyti.*

**2. Nýtt rekstrarleyfi – CJA guesthouse**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra,  
dags. 18. janúar s.l. þar sem Aðalsteinn Már Þorsteinsson sækir  
um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga á  
Hjalla í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt  
leyti.*

**3. Kolefnisbindingarsamningur við Landsvirkjun**

Lögð fram drög að samningi milli Landsvirkjunar og Þingeyjarsveitar  
um aðgerðir til kolefnisbindingar með uppgræðslu lands.  
Samningurinn felur í sér samstarf um aðgerðir til

# DALAKOFINN

## Starfsfólk óskast

Dalakofinn auglýsir eftir starfsfólki næsta sumar.

Möguleiki er á hlutastarfi.

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt, hafa góða  
þjónustulund, skipulagshæfileika og vera reyklusir.

Umsóknir berist á netfangið [halli@dalakofinn.is](mailto:halli@dalakofinn.is)

með ferilskrá í síðasta lagi 21. febrúar

Upplýsingar veitir Haraldur Bóasson s. 464 3344

Dalakofinn Laugum

## Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og  
auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

**fyrir kl. 15:00. 😊**

**ATH!**

**Verð á auglýsingum  
frá og með 10 janúar 2016**

Verð hálf síðu er. kr.3.200.-m.vsk  
Verð heil síðu er kr.4.300.- m.vsk

***[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)—895-3386***




## Konudagstónleikar Söngfélagsins Sálubótar

Söngfélagið Sálubót heldur tónleika og skemmtun í Stórutjarnaskóla á Konudaginn 21. febrúar kl: 15:00. Einnig verður boðið upp á gómsætt kaffihlaðborð að hætti kórfélaga.

Upplagt fyrir fjölskylduna að koma og njóta næringar bæði á sál og líkama.

Miðaverð er 2.500,- fyrir fullorðna, 1.000,- fyrir 6-16 ára og frítt fyrir þá sem eru yngri.

## Vantar þig starf ?



Veitingarrekstur Gamla barnaskólans, Skógum er til leigu næsta sumar. Einnig sýningasalur er hentar fyrir listsýningar, handverk o.fl.

Nánari upplýsingar gefur Agnes í s : 4622320 eða 8498902

6.tbl.  
11. febr  
2016  
23. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



### ATH/ Breytt tímasetning Heimboð

Við nýir ábúendur í Brúnagerði í Fnjóskadal höfum innréttað saumastofu, verslun og vísi að kaffihúsi í Lengjunni (minkahúsinu) þar sem við framleiðum eigin vörur undir merkinu Gjóska.

Viljum við að því tilefni bjóða ykkur heim fimmtudaginn

11. febrúar **frá kl. 16-20,**  
þiggja léttar veitingar og kynna ykkur  
þá starfssemi sem fram fer í Brúnagerði.

Kveðja

Beggi, Birna og börnin.

### Aðalfundur Búnaðarfélags Bárðdæla

Verður haldinn í Kiðagili miðvikudaginn 17. febrúar og hefst kl. 13:00.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin